

Gönguferð 11. September 2009

Bláihópur fór í gönguferð í þorpinu okkar. Carmen Ásbjörg, Kári, Egill Freyr, Fríða og Roswitha lögðu af stað í hring í kringum þorpið. Úti var mikil rigning og sáum við marga skemmtilega polla á leiðinni og allt var blautt. Við stoppuðum á túninu fyrir neðan húsið hans Thoralfs og sáum þar fugla sem gaman var að fylgjast með. Einnig var þar eitthvað af dóti sem við fengum að leika með. Síðan gengum við lengra og sáum húsið hennar Carmen og húsið hans Egils.



Þannig má segja að við höfum gengið dálítinn hring í þorpinu, skoðað hús, polla, dót og fugla. Rigning var allan tíman svo við vorum orðin ansi blaut þegar við komum tilbaka. Allir voru rosalega duglegir að ganga enda fórum við smá hring.

Þetta var skemmtileg gönguferð með Bláahóp veðrið hefði svo sem mátt vera þurrara en gott engu að síður.

Fríða, Roswitha, Kári, Egill Freyr og Carmen Ásbjörg

